


Ársskýrsla Fræðslusjóðs 2018





STARFSEMI FRÆÐSLUSJÓÐS 2018

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Með [þjónustusamningi](#) Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir til loka árs 2021, er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Hlutverk sjóðsins er að veita fé til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi úrræði eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áður nefnd lög.

Hlutverk FA er að undirbúa og boða stjórnarfundi, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins og sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins fundaði tíu sinnum á árinu og eru [fundargerðir stjórnar](#) birtar á vef FA.

Fræðslusjóður úthlutar til í byrjun árs til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum sjóðsins eiga rétt á úthlutunum úr sjóðnum í framangreind verkefni.

Í lok maí var úthlutað til nýsköpunar- og þróunarverkefna. Eru umsóknir þar um opnar öllum.

Fræðsluaðilum ber að skila eftirstöðvum úthlutanna til námsleiða og ráðgjafar í síðasta lagi við uppgjör, hafi úthlutun ekki nýst innan ársins. Þessum eftirstöðvum er úthlutað í samræmi við umsóknir frá fræðsluaðilum í október.

Framkvæmd ársins:

Allar upphæðir í milljónum króna

	2018	2017	% milli ára
Vottaðar námsleiðir	557,2	548,8	1,5%
Náms- og starfsráðgjöf	147,8	131,3	12,6%
Raunfærnimat	144,5	100,2	44,2%
Nýsköpunar- og þróunarv.	62,7	29,4	113,3%
Samtals framkvæmd	912,2	809,7	12,7%
Framlag á fjárlögum	795,5	794,3	0,2%
Vaxtatekjur og óráðstafað fé	116,7	15,4	657,8%
Samtals úthlutað	912,2	809,7	12,7%

[\(sjá nánar um úthlutunar- og uppgjörsglur í skilmálum Fræðslusjóðs\).](#)



Stjórn Fræðslusjóðs 2018 (til september 2018) ásamt framkvæmdastjóra FA. Fremri röð frá vinstri: Klara Baldursdóttir Briem, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðrún Ragnarsdóttir (formaður), Kristín Þóra Harðardóttir. Aftari röð frá vinstri: Sveinn Aðalsteinsson (frkv.stj), Garðar Hilmarsson, Halldór Grönvold og Fjóla Jónsdóttir.

Tölfræði úr starfinu

Starfsmenn FA og aðrir voru upplýstir reglulega um framgang í framhaldsfræðslustarfinu með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila inn til FA. Reglulega leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA til að fá upplýsingar úr starfinu og þá eru slíkar þær teknar saman og sendar viðkomandi aðilum. Í febrúar var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna.

Ýmis tölfræði ársins var kynnt stjórn í tengslum við stjórnarfundi.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður þær sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur.




HELSTU UPPLÝSINGAR 2018

Vottaðar námsleiðir

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árin 2015 - 2018. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsgreglur sjóðsins.

Framkvæmd vottaðra námsleiða	2015	2016	2017	2018
Mímir-símenntun	171.656.135	172.180.396	186.505.684	185.370.000
Framvegis	31.880.797	32.300.000	41.310.000	56.650.000
Starfsmennt	3.340.000	0	2.450.000	
IÐAN	1.862.000	0	10.416.000	3.876.000
Fræðsluskrist. rafiðnaðarins	0	0	0	
Alls	208.738.932	204.480.396	240.681.684	245.896.000
Símenntun. Vesturlandi	19.800.000	24.700.000	30.310.000	20.952.466
Fræðslumst. Vestfj.	19.000.000	18.744.419	19.440.000	21.190.000
Farskólinn	10.500.000	12.100.000	12.827.429	12.010.000
SÍMEY	75.023.400	69.880.000	75.649.625	73.009.370
Þekkingarn. Þingeyinga	10.100.000	9.694.053	9.886.636	8.960.000
Austurbrú	20.700.000	19.762.499	21.630.000	22.980.000
Fræðslunet Suðurlands	31.660.430	34.844.000	34.866.769	36.850.000
Viska Vestmannaeyjum	11.073.840	9.600.000	14.624.583	9.061.914
MSS	79.965.965	80.900.000	88.870.000	106.300.617
Alls	277.823.635	280.224.971	308.105.042	311,314,367
Samtals	486.562.567	484.705.367	548.786.726	557,210,367


Framlag Fræðslusjóðs	557.210.367 kr
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af Fræðslusjóði	2.379
Fjöldi nemenda í vottuðu námi greitt af öðrum	974
Fjöldi nemenda alls	3.353
Kynjaskipting	Konur 60% Karlar 40%
Stéttarfélag	ASÍ 38% BSRB 11% Annað/óskráð 51%
Meðalkostnaður á nemenda greitt af Fræðslusjóði	234.220 kr
Meðalkostnaður á nemendastund greitt af Fræðslusjóði	22.873 kr



Fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum eftir miðstöðvum (greitt af Fræðslusjóði)

	2015	2016	2017	2018
Austurbrú	125	109	110	143
Farskólinn	91	95	103	72
Framvegis	110	104	123	155
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	177	172	179	140
Fræðslunet Suðurlands	259	185	214	160
IÐAN fræðslusetur	9		46	14
Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum	346	259	400	424
Mímir - símenntun	772	673	661	553
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	160	173	257	85
Símey	427	415	372	537
Starfsmennt	22		15	
Viska	105	50	72	41
Þekkinganet Þingeyinga	105	33	31	55
Nemendafjöldi alls	2.708	2.268	2.583	2.379

20 mest sóttu vottuðu námsleiðir 2018 fjármagnaðar af Fræðslusjóði




Nánari sundurliðun og viðbótartölfræði má finna á vef [FA](#)



Náms- og starfsráðgjöf


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2018 og til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2015 - 2017. Með heildarframlag er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2015	2016	2017	2018
Mímir-símenntun	17.911.200	22.396.400	22.956.000	26.078.760
Framvegis	2.344.000	3.896.800	3.542.000	6.199.763
Starfsmennt	2.029.100	1.527.200	606.000	2.146.727
IDAN	27.840.900	38.593.700	28.350.000	35.863.067
Fræðsluskrist. rafiðnaðarins	5.500.000	5.367.900	5.610.000	4.998.000
Alls	55.625.200	71.782.000	61.064.000	75.286.317
Símenntun. Vesturlandi	8.145.200	7.054.800	8.552.000	8.170.000
Fræðslumst. Vestfj.	5.500.000	5.500.000	6.092.000	6.167.083
Farskólinn	3.900.000	4.200.000	4.230.000	4.159.339
SÍMEY	11.643.200	12.042.800	11.232.340	10.014.990
Þekkingarn. Þingeyinga	4.000.000	5.200.000	10.089.000	11.988.629
Austurbrú	3.480.900	3.180.500	4.056.000	4.556.000
Fræðslunet Suðurlands	7.093.800	10.206.200	9.453.160	9.876.017
Viska Vestmannaeyjum	2.800.000	2.700.000	4.190.000	4.798.460
MSS	12.000.000	12.300.000	12.371.666	12.763.213
Alls	58.563.100	62.384.300	70.266.166	72.493.730
Samtals	114.188.300	134.166.300	131.330.166	147.780.047





Náms- og starfsráðgjöf, önnur tölfraði	2015	2016	2017	2018
Fjöldi viðtala	8.616	9.043	8.690	9.473
Kynjaskipting ráðþega				
Konur	43%	42%	46%	44%
Karlur	57%	58%	54%	56%
Aldursskipting ráðþega				
0 – 25 ára	14%	16%	18%	16%
26-40 ára	50%	49%	48%	49%
41 – 55 ára	28%	28%	26%	27%
56 ára og eldri	8%	7%	8%	8%
Menntunarstig ráðþega				
Grunnskóli	24%	25%	21%	16%
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	54%	62%	63%	62%
Starfsmenntun	2%	3%	5%	10%
Stúdentspróf	7%	4%	4%	5%
Iðnmenntun	10%	4%	4%	4%
Háskólapróf	3%	2%	3%	3%
Staða ráðþega á vinnumarkaði				
Í starfi	68%	74%	70%	69%
Atvinnuleitandi	15%	13%	11%	13%
Starfsendurhæfing	4%	3%	8%	7%
Í námi	5%	5%	4%	4%
Annað	9%	5%	7%	7%
Þjóðerni				
Íslendingar	93%	93%	86%	81%
Pólverjar	3%	3%	7%	11%
Aðrir	4%	4%	8%	8%
Samtök á vinnumarkaði				
ASÍ	74%	79%	68%	63%
BSRB	10%	6%	8%	7%
Annað/óþekkt/óskráð	16%	15%	24%	30%
Meðalkostnaður á viðtal	13.726 kr.	14.836 kr.	15.112 kr.	15.600 kr.



Nánari sundurliðun og viðbótartölfræði má finna á vef [FA](#)



Raunfærnimat



Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2018 til raunfærnimats. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2015 - 2017. Með heildarframlag er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd í raunfærnimati	2015	2016	2017	2018
Mímir-símenntun	9.309.934	5.509.400	12.784.000	10.403.900
Framvegis	0	6.255.800	1.952.600	625.100
Starfsmennt	0	1.113.600	0	2.321.500
IÐAN	51.547.500	55.765.900	40.081.200	55.313.800
Fræðsluskrist. rafiðnaðarins	2.989.000	4.477.200	7.309.600	6.118.000
Alls	63.846.434	73.121.900	62.127.400	74.782.300
Símenntun. Vesturlandi	8.042.940	5.221.200	1.800.838	12.196.162
Fræðslumst. Vestfj.	4.322.000	1.873.900	2.684.300	2.104.800
Farskólinn	4.516.100	7.242.100	0	2.186.800
SÍMEY	3.094.500	11.547.700	10.907.300	12.661.100
Þekkingarn. Þingeyinga	326.000	37.400	0	0
Austurbrú	320.000	176.100	2.645.400	6.877.500
Fræðslunet Suðurlands	6.333.600	11.526.500	5.343.586	18.015.900
Viska Vestmannaeyjum	2.627.500	5.425.200	4.302.300	4.999.000
MSS	9.975.000	13.767.653	10.401.241	10.720.506
Alls	39.557.640	56.817.753	38.084.965	69.761.768
Samtals	103.404.074	129.939.653	100.212.365	144.544.068

2018	Fjöldi	Hlutfall	Meðal-aldur	Meðal-fjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	304	53%	40	52	15.833	57%	43%
Iðngreinar	243	42%	35,6	51	12.482	2%	98%
Viðmið atvinnulífs	20	3%	37,9	Á ekki við	Á ekki við	80%	20%
Almennar bóklegar greinar	10	2%	38,6	19,5	195	10%	90%
Samtölur	577	100%	38,03		28.510		



Framlag Fræðslusjóðs til rfm. móti einingum	141.814.068 kr
Framlag Fræðslusjóðs til rfm. án eininga	2.730.000 kr
Framlag Fræðslusjóðs alls	144.544.068 kr
Fjöldi einstaklinga í iðngreinum	243
Fjöldi einstaklinga í öðrum greinum	314
Fjöldi einstaklinga í raunf. mati með einingum	557
Fjöldi einstaklinga í raunfærnimati án eininga (almenn starfshæfni og grunnleikni)	20
Fjöldi einstaklinga í raunfærnimati	577
Meðalverð á einstakling m. einingum	254.603 kr
Meðalverð á einstakling án eininga	136.500 kr
Staðnar eininga í iðngreinum	9.267
Staðnar einingar í öðrum greinum	15.978
Staðnar einingar í heild	25.245
Meðalverð á einingu í raunfærnimati	5.617 kr
Menntunarstig einstaklinga	Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki:) 69% Grunnskóli: 10% Starfsmenntun: 16% Stúdentspróf eða meiri menntun: 3% Óskráð: 1%
Þjóðerni einstaklinga	Íslendingar: 88% Pólverjar: 8% Aðrir: 4%



Nánari sundurliðun og viðbótartölfræði má finna á vef [FA](#)



Nýsköpunar- og þróunarverkefni

Á fyrri helmingi ársins er auglýst eftir umsóknum um nýsköpunar- og þróunarstyrki. Stjórn staðfesti úthlutanir í lok maí. Sautján umsóknir fengu styrk samtals að upphæð 34.694.000.

Auk þess óskaði Fræðslusjóður eftir því við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að hún tæki að sér tvö verkefni án auglýsingar. Annað er gerð og umsjón með 30 gát- og skimunarlistum. Með þessu fyrirkomulagi er að leitast við að endurnýjun og gæði nýrra gát- og skimunarlista verði í samræmi við breytingar á námskrám viðkomandi greina, eða hæfnikrafna í atvinnulífinu. Stefnt er að því að þessu verkefni ljúki á árinu 2019. Hins vegar var Fræðslumiðstöðinni falið að þróa aðferðir í raunfærnimati á mótí viðmiðum atvinnulífsins. Er það verkefni til 18 mánaða, líkt og önnur verkefni sem sjóðurinn styrkir. Úthlutun sjóðsins til nýsköpunar- og þróunarverkefna er því alls tæpar 62,7 milljónir á árinu.

Úthlutanir ársins voru sem hér segir:

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Styrkuppæð
Gerum betur ehf	VÚ-verklegar úrlausnir	3,000,000
Fr.netið Suðurlandi og MSS	Fagleg fyrirtækjafræðsla (skammstafað FFF)	3,000,000
Austurbrú ses	Rafrænt framhaldsnámsefni fyrir þjónustufulltrúa í upplýsingamiðstöðvum og starfsfólk í móttöku ferðapjónustufyrirtækja	3,000,000
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	Ferðapjónn - námsskrárgerð í kjölfar hæfnigreiningar	3,000,000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Velferð eldisfiska - þjálfun starfsfólks og aðferðir	3,000,000
Framvegis	Hæfnipróun á vinnumarkaði og fjórða iðnbyltingin	2,761,000
IÐAN fræðslusetur	Stafræn framtíð í raunfærnimati	2,500,000
KOMPÁS Þekkingarsamfélagið / GoGet ehf.	Hugtakasafn ferðapjónustunnar - óháð stað og stund	2,200,000
Þekkingarnet Þingeyinga	Framhaldsfræðslupjónusta í dreifðum byggðum	2,000,000
IÐAN fræðslusetur	Fjarnám í veitingapjónustu	1,485,000
Mímir símenntun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Hæfnigreining starfs sendils og hæfnigreining starfs almenns starfsmanns í heimaþjónustu (umönnun)	1,380,000
Framvegis	Hæfnigreining á starfi liðveitanda	875,000
Framvegis	Hæfnigreining starfs skólaliða	793,000
MSS	Starfsmenntun í fiski - hvenær sem er	2,850,000
Mss	Gæðamatur og ferðapjónusta	2,850,000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Gát- og skimunarlistagerð	3,000,000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Raunfærnimat mótí viðmiðum atvinnulífsins	25,000,000
Samtals úthlutun 2018		62,694,000



Lokaorð

Ekki urðu miklar breytingar á framlögum til Fræðslusjóðs milli árana 2017 og 2018, eða rétt 1,5% hækkun. Aftur á móti hækkuðu úthlutanir sjóðsins um 102,5 milljónir, eða um 12,7%. Er sú aukning fjármögnuð með eftirstöðvum af óráðstöfuðu fé, en það er fjármagn sem úthlutað hefur verið til samstarfsaðila sjóðsins, en þeir ekki náð að fullnýta og þurft að endurgreiða í samræmi við skilmála sjóðsins. Var ákveðið að nýta þessar eftirstöðvar á árinu og veitt sérstaklega til raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna, en einnig til náms- og starfsráðgjafar (sjá sundurliðun á bls.2, hér að framan).

Fjöldi nemenda sem luku námi í vottuðum námsleiðum fækkaði aðeins frá árinu 2017 miðað við árið á undan en fjölgaði ef miðað er við árið 2016. Nemendur í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði hafa að meðaltali verið um 2.500 á ári síðastliðin fimm ár.

Fjöldi ráðgjafaviðtala fjölgaði um 9% frá árinu 2017 en fjöldi viðtala hafa verið um 9.200 að meðaltali síðastliðin fimm ár. Það vekur athygli að fjöldi útlendra ráðþega hefur fjölgað ár frá ári undanfarin ár og árið 2018 voru útlendingar um 20% ráðþega.

Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati árið 2018 jókst um rúm 32% á milli árana 2017 og 2018. Mesta aukningin var í raunfærnimati í starfsmenntabrautum en einnig voru fleiri sem luku raunfærnimati í löggildum iðngreinum 2018 en 2017.

Hækkun á framlögum til nýsköpunar- og þróunarverkefna skýrist að mestu af tveim verkefnum sem sjóðurinn fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samtals að upphæð 28 milljónir.

Nánari tölfræði má finn á vef FA <http://frae.is/fraedslusjodur/tolfraedi-ur-starfinu/>

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs eru [hér](#) á vef FA.